



Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vestnorræn nemendaskipti milli menntastofnana á framhaldsskólastigi. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við utanríkismálanefnd Alþingis:

Almennar athugasemdir

FNS styður markmið tillögunnar um að auka þekkingu Vestur-Norðurlandabúa á högum og menningu nágranna sinna.

Til samanburðar má benda á að aðalviðfangsefni AFS-samtakanna (alþjóðleg fræðslusamtök) hér á landi eru nemendaskipti unglunga á aldrinum 15-18 ára. AFS-nemendur frá ólíkum þjóðum hafa um árabil stundað nám í framhaldsskólum landsins og íslenskir framhaldsskólanemar hafa farið sem skiptinemar um allan heim.


Allir skiptinemar upplifa tungumálahindranir í byrjun námsdvalar bæði hér heima og úti í hinum stóra heimi en litið er á það sem eðlilega hindrun sem flest allir nemendur yfirstíga. Kennsla í dvalarlandinu fer fram á tungumáli dvalarlandsins. Nemendur eru tiltölulega fljótir að tileinka sér tungumálið en misjafnlega vel eins og gengur. Það hefur aldrei komið til að AFS-nemendur fái kennslu á móðurmáli sínu eða einhverju öðru tungumáli

að þeirra vali nema þeir velji tungumálaáfanga á sínu eigin móðurmáli eða einhverju öðru tungumáli sem þeim er tamt. Íslenskukennsla fyrir útlendinga er hins vegar í boði fyrir þessa nemendur í flestum framhaldsskólum.

Innan skólakerfisins eru náms- og starfsráðgjafar sérfræðingar skólans í málefnum er tengjast nemendum og námsframvindu þeirra. Þeir aðstoða nemendur við námsval, aðstoða og veita ráðgjöf á meðan á námi stendur og veita einnig persónulega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum hafa því einnig umsjón með AFS-nemendum. Þeir aðstoða þá við finna sig í nýju skólaumhverfi, velja með þeim námsgreinar, sem þeir hafa áhuga á og telja sig ráða við, og eru þeim bakhjarl innan skólans á meðan dvöl þeirra stendur. Félagið leggur áherslu á mikilvægi faglegrar náms- og starfsráðgjafar fyrir alla skiptinemendur.

F. h. Félags náms- og starfsráðgjafa,



Björg Kristjánsdóttir

Björg Kristjánsdóttir, formaður